

23.01.2026

Minnisblað formanns stjórnar vegna viðauka við fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Á fundi stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. dags. 19.01.2026 var formanni falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2026 vegna samþykkis stjórnar að ráðinn verði forstöðumaður fyrir SVÁ í fullt starf, tímabundið til eins árs.

Eftir greiningu á launalið innan byggðasamlagsins er ljóst að nokkuð svigrúm er í núverandi fjárhagsáætlun miðað við þá mönnun sem er til staðar. Launaliður í fjárhagsáætlun 2026 er áætlaður alls 175.100.000 kr og skiptist nánast jafnt á milli skóla- og velferðarþjónustu.

Miðað við núverandi stöðugildi má áætla að laun verði í kringum 120 milljónir á árinu eða um 155 milljónir með launatengdum gjöldum og því svigrúm til ráðningar starfsmanns til að sinna starfi forstöðumanns í byggðasamlaginu útfrá samþykktri fjárhagsáætlun. Horfa verður á að núverandi deildarstjórar muni sinna ráðgjöf og öðrum verkefnum innan sinna deilda en gera þarf ráð fyrir starfsmanni til að sinna félagsráðgjöf og barnavernd ásamt deildarstjóra velferðarþjónustu.

Lagt er til að ekki verði gerður viðauki að svo stöddu en að stjórnendur og stjórn byggðasamlagsins fylgist með hvort bregðast þurfi við með viðauka þegar liður á árið en það ræðst af því hvort takist að ráða forstöðumann og starfsmann í velferðarþjónustuna.

Hulda Kristjánsdóttir, formaður stjórnar